

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, gildistöku, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

50. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar.

51. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu sektir renna í ríkissjóð. Hagnað af broti, sem enginn á löglegt tilkall til, má gera upptækan í ríkissjóð.

52. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er að framkvæma skv. samþykktinni má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi um það fær, úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað nr. 103 28. október 1930, ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 291/1979.**

1. gr.

Við 6. gr., b-staflíð bætist nýr töluliður XIV, er hljóði svo:

Flunitrazepamum: Hámarks magn á lyfseðli 100 mg. (Dæmi: Rohypnol 1 mg, 100 töflur).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. desember 1985.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.